



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Laufásborg

2021-2022



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans.....	3
1. Greinargerð leikskólastýra.....	3
2. Innra mat.....	9
3. Ytra mat.....	11
4. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	13
5. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	14
6. Foreldrasamvinna.....	14
7. Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	16
8. Fylgiskjöl.....	16

Leiðarljós leikskólans:

1. Greinargerð leikskólastýra

Leikskólinn Laufásborg starfar eftir Hjallastefnunni. Hjallastefnan er kærleiksmiðuð og skapandi lýðræðisstefna. Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á viðfeðman hátt að velgengni allra. Til að ná þessum markmiðum er áherslan fyrst og fremst á **jafnrétti**, þar sem börnin eru jöfn og öll börn fá jöfn tækifæri, **sköpun, gleði og kærleik** með áherslu á frumlegt og óvenjulegt starf þar sem hugmyndaauðgi og ímyndunarafl ráða för og **lýðræði** með áherslu á virðingu og frelsi.

Góður skóli er reistur á hverjum degi og skóli er fólkið sem er þar, bæði stórt og smátt. Það er okkar mat að á Laufásborg sé einvalalið góðs fólks, starfsfólk með ríka starfsreynslu. Þverfagleg samvinna einkennir starfsmannahópinn þar sem hér starfar fólk með ólíka menntun, styrkleika og bakgrunn en öll eigum við það sameiginlegt að starfa hér af eldmóði og af heilum hug eftir hugmyndafræði Hjallastefnunnar. Það er mikill **stöðugleiki í starfsfólksmálum** skólans og hefur dágóður kjarni starfsfólksins starfað eftir Hjallastefnunni í 13 til 26 ár. Skólaárið 2020-2021 var nýliðun í hópnum fámenn en góðmenn.

Metnaður er það sem einkennir allt okkar starf, þar sem virkni hvernar hópstýru og hópstjóra er lykilatriði. Eitt árið kom danskur sálfræðingur í heimsókn til okkar og hann hafði orð á því hvað hvert og eitt okkar væri virkt í starfi, “hér er hver einasta manneskja, stór og smá, virk” og hafði hann hvergi séð aðra eins virkni í barnastarfi. Annað lýsandi hrós frá aðstandanda, gamalreyndum Hjallakennara, sem var með barnabarnið sitt í aðlögun, “hér er ekkert á “autopilot””, sem merkir að hér er vandað til verks og hugsað fyrir öllu. Á síðasta skólaári tókum við saman nokkra punkta sem eru lýsandi fyrir okkar nálgun í starfi, skjalið kallast “Gleði er fagmennska” og má sjá það í fylgiskjölunum (sjá fylgiskjal A).

Foreldra- og starfsfólkskönnun

Í október var okkar árlega fjölskyldu- og starfsfólkskönnun lögð fyrir. Við vissum að heimsfaraldurinn myndi setja sitt mark á líðan fjölskyldna og starfsfólks en traustið og jákvæðnin sem við upplifðum fór fram úr okkar björtustu vonum og væntingum. Við lögðumst öll á árarnar og unnum sem eitt að því að fylgja öllum sóttvarnareglum og standa vörð um okkar fallega barnastarf. Við erum alltaf afar stolt af okkar starfi og þeim meðbyr sem við finnum í okkar dýrmæta fjölskylduhópi en það var einstaklega dýrmætt

að finna traustið og jákvæðnina þegar á reyndi. Jákvæða umsögn fjölskyldna má sjá í heild sinni í fylgiskjölunum en það er einstakur hópur jákvæðra og áhugasamra fjölskyldna sem standa að skólanum (sjá fylgiskjal B). Hér koma nokkur vel valin hrós frá fjölskyldunum úr fjölskyldukönnuninni:

“Þið eruð nú bara frábær! Viðmót allra kennara til barna og foreldra þeirra er eitthvað sem þjóðin í heild mætti tileinka sér!”

“Þið brennið öll af metnaði fyrir börnunum, það skín í gegn og er dásamlegt.”

“Lífsglaðari hóp af fólki hef ég ekki hitt og er það alveg magnað að fá agnarögn af því á morgnana, þessa jákvæðni beint í æð. Þið eruð algjört gull af fólki og finn ég það svo vel á mínu barni hvað því líður vel. Vildi að þið gætuð kennt fleiri vinnustöðum ykkar frábæru speki”.

“Jákvæðni ykkar er aðdáunarverð og kærleikurinn sem börnin mæta er ómetanlegur. Barnanna minna lukka er að vera nemandi í Hamingjuhöllinni”.

“Metnaðarfullt og fallett starf í alla staði, aðdáunarvert og börnunum líður vel, njóta sín og upplifa ævintýri og væntumþykju alla daga. Eflast og styrkjast sem einstaklingar, félagslega, menningarlega og námslega. Ég hugsa oft hvað lífið væri gott ef móttökurnar í vinnunni væri eins og móttökurnar á Laufásborg.”

“Þið starfsfólkið og stjórnendur eruð bara einstök og dásamleg, það eruð þið sem haldið Laufásborgarhjartanu gangandi og við hin fylgjum taktinum, bæði foreldrar og börn. Svo er maturinn svo hollur og næringarríkur, það er gríðarlega mikilvægt að okkar mati!”

Dagskráin okkar er eins alla daga ársins með val- og hópatíma til skiptis. Allt barnastarfið er skráð, allir valfundir eru skráðir og allir hópatímar sömuleiðis (sjá fylgiskjal C) og fjölskyldur fá valtalninguna senda í pósti reglulega og þannig geta fjölskyldur fylgst með hvað barnið valdi (sjá fylgiskjal D). Valsvæðin eru góð æfing í að börnin læri að fagna hvert öðru og leika saman á friðsaman og gleðiríkan hátt. Kennari á valtíma fylgist með og virkjar börn sem þurfa aðstoð og leggur inn falleg og uppbyggileg samskipti þar sem þess er þörf (sjá fylgiskjal E).

Fyrir rúmu ári síðan fór hvert og eitt okkar í gegnum níu vikna þjálfunaráætlun Hjallastefnunnar þar sem hin hjallísku fræði og Handbók Hjallastefnunnar voru stúderuð. Okkar hjallíska endurmenntun er nú í okkar höndum og allt nýtt starfsfólk fær nokkurra vikna þétta handleiðslu og góða kynningu á Handbók Hjallastefnunnar og okkar starfsháttum. Þannig tryggjum við að nýtt starfsfólk hafi góða **innsýn í starfspætti stefnunnar** og viti vel til hvers er ætlast til af þeim í starfi. Eins og við vitum að þá er vinna með börnum og fjölskyldum þeirra afar krefjandi verkefni, verkefni sem hentar

einungis þeim sem hafa brennandi áhuga á að skapa leikheim með og fyrir börn þar sem lausnir og verkefni sem þjálfar færni í daglegu lífi eru fyrirrúmi.

Loturnar sex

Höfuðeinkenni Hjallastefnunnar eru loturnar sex. Hver lota stendur yfir í fjórar vikur og hver vika á sitt þema, sitt hugtak sem unnið er eftir. Á Laufásborg vinnum við markvisst eftir hugmyndafræði Hjallastefnunnar og starfsfólk okkar einbeitt sér í heila viku að hverju hugtaki fyrir sig.

1. Agi; virðing, hegðun, kurteisi, framkoma
2. Sjálfstyrking; sjálfstæði, sjálfstraust, öryggi, tjáning
3. Samskipti; umburðarlyndi, hjálpsemi, víðsýni, samstaða
4. Jákvæðni; bjartsýni, gleði, ákveðni, hreinskiptni
5. Vinátta; félagsskapur, umhyggja, nálægð, kærleikur
6. Áræðni; kjarkur, kraftur, virkni, frumkvæði

Enskukennsla

Öll börn skólans fá enskukennslu í lotum. Enskukennarinn okkar, Elizabeth Nunberg, heimsækir skólann eina viku í mánuði og hittir öll börn skólans. Á yngri kjörnunum hittir hún stúlkur og drengi sér. Hún er í samverunum á Yngri stúlkna- og drengjakjarna og hittir allan hópinn í einu en samverurnar eru í kringum tíu mínútur á dag. Á eldri kjörnunum tekur enskukennarinn hvern hóp fyrir sig (fjórir hópar á hverjum kjarna) og er með innlögn í hópátíma en hún tekur einnig þátt á valttíma, það er stýrir valfundunum og er virk í frjálsum leik með börnunum á valttíma.

Fimm ára starfið

Fimm ára starfið okkar er blómlegt og gott. Fimm ára starf í leikskólum Hjallastefnunnar er leikskólastarf með viðbótum sem venjulega tilheyra grunnskólastiginu. Fimm ára starfið tekur það besta úr hefðum beggja skólastiga og leggur grunninn fyrir fyrsta bekk grunnskólans. Langflest fimm ára barnanna okkar eru orðin læs enda búið að leggja inn bókstafi eftir hljóðaaðferðinni í vetur. Einnig eru þau komin með góðan talnaskilning og æfingu í einföldum reikniaðgerðum. Heimsfaraldurinn hefur sett sitt mark á fimm ára starfið síðastliðinn vetur en börnin hafa þó náð að fara í ýmsar ferðir og heimsækja söfn,

farið í skruðgarða og sótt hina ýmsu menningarviðburði. Eins og önnur börn skólans eru elstu börnin í daglegri kynjablöndun og fara þau alltaf saman, vinkonur og vinir, í ferðirnar sínar. Ánægjuleg blöndun gerir samskipti við hitt kynið eftirsóknarverð.

Laufásborg hefur nú hafið **samstarf við Söngskóla Reykjavíkur**. Söngskólinn er nágrenni skólans og er til húsa í systurhöll Laufásborgar. Elstu börn skólans hafa nú þegar farið yfir í söngskólann og sungið fyrir kennara og aðra gesti og hópur yngstu nemenda söngskólans, börn á grunn- og framhaldsskólaaldri, hefur komið til okkar og sungið fyrir börnin. Samstarfið er í þróun en stefnan er sett á að Söngskóli Reykjavíkur muni meðal annars bjóða nemendum Laufásborgar söngkennslu þar sem söngkennarar yngstu barna söngskólans munu sjá um kennsluna. Kennslan mun ekki einskorðast við elstu börn skólans.

Í ár var **vorferð** útskriftarbarnanna tæplega tveggja sólarhringa ævintýraferð til Sólheima. Börnin stóðu sig glimrandi vel og voru sjálfum sér, fjölskyldum sínum og skólanum til mikils sóma og má segja að ferðin hafi verið nokkurs konar uppskeruhátíð. Börnin fengu kynningu á sögu staðarins og mögnuðu starfi Sesselju Hreindísar Sigmundsdóttur, stofnanda Sólheima. Á Sólheimum fengu börnin að kynnst ævintýraheimi Sólheima. Þau kynntust kertagerð, smíðastofu, trjárækt, lífrænni ræktun, sáu gullfiska í gullfiskatjörn, gengu berfætt á grasinu, fóru í kvöldgöngu í skóginum, leituðu að álfahurðum, léku sér í Tröllagarðinum og upplifðu himneska matargerð. Þessi einstaka ferð var algert ævintýri frá upphafi til enda.



Stóri hópur hjá málverki af stofnanda Sólheima, Sesselju Hreindísi Jónsdóttur

Lækjarbotnar

Við höfum hafið samstarf við afar blómlegan sveitabæ þar sem geitur, hestar, kindur, bleikjueldi, kisur og hundar eru dýrin á bænum. Einnig er þar leðurskógerð og grjótnáma á landinu. Í ár fóru vinkonur og vinir í Miðhópi X, næst elsti hópurinn á eldri kjarna, í heimsókn á Lækjarbotna.



Vinkonurnar og vinirnir í Miðhópi X í sveitaferð á Lækjarbotnum vorið 2021

Barnamenningarhátíðin 2021

Okkar framlag til Barnamenningarhátíðarinnar vorið 2021 var vegglistaverk, einskonar veggjalist. Elstu börnin okkar fengu veigamesta hlutverkið í sköpuninni en börnin gerðu allt sjálf. Stúlkurnar sáu um að smíða vinnupalla, mæla efnivið, saga með handsög, bora göt og skrúfa saman. Drengirnir skrúbbuðu vegginn með kústum og sápuvatni og bjuggu til stafaskapalón. Að lokum hjálpuðust þau að við að mála bakgrunninn og tók það heila viku. Öll börnin á Laufásborg komu að verkinu, en hvert og eitt barn málaði staf á vegginn, stafirnir mynduðu sterku, hlýju orðin okkar. Útkoman varð stórkostlegt listaverk, hjartaverk. Að horfa á verkið er eins og að upplifa tónverk því börnin þekkja orðin svo vel, orðin eru okkar eigin gleði- og töfrapulur sem óma um skólann alla daga, allan daginn. Þessi hugmynd að listaverkinu kviknaði í kjölfar kærleiksgjafa barnanna til fjölskyldunnar á aðventunni. Þau bjuggu til taupoka í Listasmiðjunni þar sem þau þrykktu greinar og laufblöð á aðra hliðina og orðin “Ljósið í mér sér ljósið í þér” á hina hliðina.



Framlag Laufásborgar til Barnamenningarhátíðarinnar - vegglistaverk, hjartaverk

Skákkennslan

Skákkennslan á Laufásborg er í höndum *Omar Salama*. Omar er alþjóðlegur skákþjálfari (FIDE – Trainer). Skákkennslan hefur verið þróunarstarf í leikskólanum síðustu níu ár. Tvisvar hafa elstu börn skólans farið á mót úti í heimi, EM og HM. Það stóð til að fara til Krítar á heimsmeistaramót á síðasta ári en það féll niður vegna heimsfaraldursins. Við stefnum á annað heimsmeistaramót á þessu ári.

2. Innra mat

Næsta skólaár verður tileinkað 70 ára afmæli Laufásborgar og mun árið fara að mestu í ýmis konar undirbúningsvinnu, safna saman ljósmyndum, sögum frá fólki sem hefur verið á Laufásborg eða hefur verið tengt Laufásborg í gegnum tíðina og fleira í þeim dúr. Stefnt er á að setja upp sýningu í lok næsta skólaárs og gefa út afmælisrit um 70 ára sögu skólans. Árið 2012 fögnuðum við 60 ára afmæli Laufásborgar og af því tilefni gáfum við út afmælisrit Laufásborgar (sjá fylgiskjal F).

Blómlegt þróunarstarf hefur verið í kringum matjurtagarðinn okkar og höfum við aukið vægi matjurtagarðarins í barnastarfinu. Börnin hafa verið virkir þátttakendur og tekið mikinn þátt. Við höfum verið að sá fjölbreyttara grænmeti en áður og meira nám og fræðsla hefur verið í kringum það að börnin hafa verið að setja niður grænmeti og gróðursetja blóm.

Sterk hefð er fyrir öflugri söngkennslu á Laufásborg. Á næsta ári stefnum við á að efla og dýpka enn frekar tónlistar- og söngkennslu skólans. Við erum komin í samstarf við nágranna okkar í systrahöll Laufásborgar, Söngskóla Reykjavíkur. Kennarar yngstu nemenda söngskólans, það er nemenda á grunn- og framhaldsskólaaldri, munu þróa með okkur samstarf um tónlistar- og söngkennslu fyrir nemendur Laufásborgar. Ari Hálfðán Aðalgeirsson, B.A. í tónsmíðum, mun vera okkar helsti tengiliður og samstarfsaðili við söngskólann en Ari mun einnig kenna í söngskólanum næsta vetur.

Við viljum leggja okkar af mörkum til að efla raddheilsu okkar góða starfsfólks á komandi skólaári. Hverju og einu okkar verður boðið upp á einstaklingsmiðaða radd- og söngkennslu sem og fræðslu á starfsfólksfundum um raddbeitingu í tali og söng. Kolbrún Hulda Tryggvadóttir, söng- og tónlistarkennari, hefur bæst í okkar góða hóp og mun hún sjá um þessa þjálfun og fræðslu fyrir hönd skólans. Við teljum okkur í Hjallastefnunni vera í góðum málum á margan hátt varðandi að vernda raddheilsu okkar starfsfólks en rannsókn Dr. Valdísar Ingibjargar Jónsdóttur á hávaða í leikskólum leiddi í ljós að í samanburði við aðra leikskóla reyndist minni hávaði í Hjallastefnuskóla. Við erum mjög stolt af þessari niðurstöðu og hjartanlega sammála en við teljum að áhersla okkar á aga- og skipulagsmál í okkar skólum vegi þungt þegar kemur að því að ná þessum góða árangri. Hægt er að sjá umfjöllun um rannsókn Dr. Valdísar Ingibjargar Jónsdóttur á vef Hjallastefnunnar (sjá fylgiskjal G).

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Fagna 70 ára afmæli Laufásborgarar og skrásetja sögu skólans.	Að fagna 70 ára afmæli skólans, slá upp hátíð og gefa út afmælisrit.	Allt starfsfólk skólans mun leggja hönd á plóg til að fagna 70 ára afmæli skólans, svo sem með sýningu á ljósmyndum, safna sögum, munnlegum og skriflegum sögum fólks sem hefur verið tengt húsinu eða skólanum.	Skólaárið 2021-2022.	Leikskólastýrur skólans.	Við notum workplace og starfsfólksfundina til að útfæra hugmyndir í tengslum við 70 ára afmæli skólans.	Hátíð og sýning opin öllum um sögu skólans. Afmælisrit, gefa út rit um sögu skólans.
Matjurta-garðurinn	Að auka vægi matjurta-garðarins í barnastarfinu	Virkja börnin til að taka þátt í grænmetis-ræktuninni og gróður-setningu blóma	Sumar og haust 2021	Leikskólastýrur Laufásborgar og Elizabeth Nunberg enskukennarinn okkar	Haustið 2021 meta hópstýrur og hópstjórar þátttöku og gleði barnanna. Sjá hvað mætti betur fara.	Upplifun barnanna, gleði og þátttaka, uppskera grænmetis og notkun grænmetis í matseld á Laufásborg
Samstarf við Söngskóla Reykjavíkur	Efla og dýpka tónlistar- og söngkennslu barna á Laufásborg	Samstarf við Söngskóla Reykjavíkur, nágranna okkar	Skólaárið 2021-2022	Ari Hálfván Aðalgeirsson, hópstjóri á Laufásborg. Ari Hálfván (B.A. gráðu í tónsmíðum) verður kennari í	Við lok vorannar á næsta ári verður staðan tekin á ný, hvernig samstarfið gekk og það	Við erum með öflugt tónlistar- og söngnám á Laufásborg og markmiðið er að dýpka

				Söngskóla Reykjavíkur á næsta skólaári.	metið hvað megi bæta. Um er að ræða þróunarstarf með söng- skólanum	og efla kennsluna
Kennsla í söng- og raddbeitingu fyrir starfsfólk Laufásborgar	Að stuðla að raddheilsu með því að kenna raddbeitingu, bæði í tali og söng. Vinna með börnum krefst þess að við beitum röddinni töluvert mikið og er það mikill ávinningur fyrir okkur öll að læra hvernig beita skal röddinni rétt.	Einstaklings- kennsla í söng og raddbeitingu ásamt fræðslu á starfsfólks- fundum	Skólaárið 2021-2022	Kolbrún Hulda Tryggvadóttir, hópstýra á Laufásborg og söngkennari.	Samstarf í þróun, endurmat við lok vorannar 2022	Hvert og eitt tilfelli metið sérstaklega, það er hverju kennslan hefur skilað og hvort þörf sé á frekari leiðsögn eða þjálfun

3. Ytra mat

Á hverju ári er gerð bæði starfsfólks- og fjölskyldukönnun í öllum skólum Hjallastefnunnar. Með þessum könnunum fást mikilvægar upplýsingar sem hægt er að nýta til innra mats.

Foreldrakönnunin er send til foreldra með tölvupósti og eru niðurstöðurnar nýttar til að sjá hvað við erum að gera vel og hvað mætti betur fara. Okkar markmið er alltaf traust og góð samvinna við foreldra. Við byggjum upp samfélag þar sem foreldrar og starfsfólk vinnur saman að því sem okkur öllum er mikilvægast, að hvert og eitt barn blómstri hjá okkur. Við erum dugleg að minna foreldra á að það er alltaf í boði að hafa samband, hvort sem það er að hringja, senda póst eða panta viðtal en góð samvinna byggir á góðu samtali milli foreldra og starfsfólks skólans.

Farið var yfir niðurstöður fjölskyldukönnunarinnar og voru umbótaatriðin sérstaklega tekin fyrir og deildum við okkar umbótum með foreldrum (sjá fylgiskjal H). Niðurstaða könnunarinnar ár eftir ár er sú að foreldrar eru almennt afskaplega ánægðir með skólann (sjá fylgiskjal B).

Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Bæta upplýsinga- flæði frá hópstýru/ hópstjóra til foreldra barna í hóp viðkomandi	Að foreldrar nái tali á sinni hópstýru eða sínnum hópstjóra á hverjum degi	Leggja niður millivaktina, það er vaktina sem er frá klukkan 8.30 til klukkan 15.30.	Millivaktin okkar verður lögð niður um leið og skólinn opnar á ný eftir sumarlokun	Skólastýrur og hver og ein hópstýra/hvern og einn hópstjóri	Foreldra- könnun verður lögð fyrir í október 2021 og við skoðum niðurstöðu hennar. Hver og ein hópstýra og hver og einn hópstjóri metur í lok hverrar viku hversu oft í þeirri viku þau náðu tali á foreldrum barna í hópnum.	Gott upplýsinga- flæði til allra foreldra.
Karellen	Að tryggja gott upplýsingaflæði til foreldra	Endurskoða að notast við Karellen í starfi og finna aðra leið ef heimasíðan og appið eru ekki að þjóna okkur	Haustið 2021	Hjallastefnan og skólastýrur Laufásborgar	Í samvinnu við Hjalla- stefnuna metum við það strax á fyrstu vikum eftir sumarlokun hvort Karellen sé að virka. Það	Karellen virkar eða virkar ekki

Matseðillinn					hefur verið mikið bilað.	
	Að matseðillinn sé kominn inn á mánudags-morgnum. Foreldrar barna sem eru á grænmetisfæði hafa sérstaklega óskað eftir því að matseðillinn sem kominn inn strax á mánudags-morgni	Höfum rætt við kokkinn okkar og hann mun skila seðlinum inn til okkar á föstudögum hér eftir	Verður komið í gagnið strax eftir sumarlokun	Skólastýrur og kokkurinn	Haustið 2021, fylgjum því eftir að fá matseðilinn tímanlega	Matseðillinn er kominn inn á mánudags-morgni

4. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Við höfum valið að þróa nýjar leiðir með starfsþróunarsamtölin. Þessi þróun er ekki ný af nálinni hjá okkur heldur hefur aðdragandinn átt sér stað um árabil. Við erum til staðar fyrir hvert annað í leik og starfi og veljum að vera **hjartamenntandi og mannbætandi** manneskjur. Í hópnum ríkir traust og það hefur verið æft með árunum að ef það er eitthvað sem liggur okkur á hjarta að þá tökum við samtalið hér og nú og við erum **lausnamiðuð** í okkar nálgun, það er sú nálgun sem gerir gæfumuninn. Það hefur leitt til þess að við erum í raun alltaf að tala saman og samtalið er uppbyggilegt og við erum **stuðningur** við hvert annað, það er hvatning, þakklæti fyrir vel unnin störf, speglun, fræðsla, kærleiksrík gagnrýni þar sem við skoðum af heiðarleika hvað það er sem er að trufla eða sem við viljum bæta. Þannig erum við allan daginn, alla daga í mannrækt og geðrækt og við iðkum þakklæti og trúum á æfinguna. Af heiðarleika styðjum við hvert annað til að vaxa sem einstaklingar og verða þar með verða betri kennarar fyrir börnin. Við látum gott af okkur leiða og erum kærleiksríkar fyrirmyndir fyrir börn og fjölskyldur. Við höldum Laufásborgarhjatana gangandi og fjölskyldur og börn fylgja taktinum. Hjá okkur snýst skólinn um mannauðinn, **SKÓLI ER FÓLKIÐ SEM ER ÞAR**, við erum alltaf að þroskast og þróast saman og það er hagur okkar allra að við séum hvert og eitt okkar að blómstra í lífi og starfi. Þegar þroskinn er kominn þangað í hópnum að fræðsla og

starfsþróun er orðin stöðugt lærdómsferli þá er það okkar mat að föst viðtöl eiga ekki lengur við. Mannauðurinn skapar þar með ákveðið samkeppnisforskot og það er eftirsóknarvert að ná þeim stað. Hljá, jákvæðni og traust eru einkennandi fyrir starfsandann á Laufásborg og við treystum hvert öðru.

Á hverju hausti er haustráðstefna Hjallastefnunnar þar sem starfsfólk úr öllum skólum Hjallastefnunnar og af öllu landinu kemur saman og fræðist um ýmsa þætti tengda hjallískum starfsháttum. Sökum COVID heimsfaraldursins féll haustráðstefna Hjallastefnunnar niður haustið 2020 sem og ýmis fræðsla sem til stóð að starfsfólk skólans fengi.

Á starfsfólksfundum skerptum við á hjallískum fræðum og fórum í sjálfstýrkjandi æfingar.

5. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskólinn Laufásborg og Barnaskóli Hjallastefnunnar í Reykjavík eru í góðu samstarfi. Fimm ára börnin í leikskólanum Öskju eru á sér kjarna í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík. Við förum reglulega í heimsókn til þeirra og brúum þannig bilið á milli leikskóla og grunnskóla. Fimm ára börnin okkar fá að taka aðeins þátt í barnaskólastarfinu, bæði í hópatímum og með því að fara í einfaldari útgáfu af þeim smiðjum sem grunnskólabörnin fara í eins og listgreinasmiðju, stjörnufræði og heimilisfræði. Fimm ára börnin okkar eru því vel undirbúin ef þau byrja í 1. bekk í Barnaskólanum í Reykjavík.

Börn sem fara í aðra skóla en Barnaskóla Hjallastefnunnar fara með sínum foreldrum í heimsókn í sinn hverfisskóla.

6. Foreldra- og fjölskyldusamvinna

Fyrir aðventuna í ár var okkar framlag til fjölskyldna á Laufásborg aðventuhugvekjan **“Að velja einfaldleikann”** (sjá fylgiskjal I). Við fylgdum hugvekjunni eftir í hlaðvarpsþætti Hjallastefnunnar, “Hjallastefnan heima” (sjá fylgiskjal J).

Við höfum samstarf við foreldra og fjölskyldur leikskólabarna í öndvegi. Foreldrar eru alltaf velkomnir í skólann. Tvisvar á ári stendur Foreldrafélag skólans fyrir viðburðum þar sem öll börn skólans og fjölskyldur þeirra eru hjartanlega velkomnar, það er sumarhátíð í byrjun júlí og ljósahátíð að vetri til. Á aðventunni bjóða eldri kjarnarnir fjölskyldum sínum

á friðarstund, börnin syngja fyrir fjölskyldur sína og bjóða upp á heimabakaðar piparkökur.

Foreldrafélag skólans vinnur þétt með skólanum í allri þróun og stendur meðal annars fyrir ýmsum skemmtilegum viðburðum fyrir börnin, eins og leiksýningu á aðventunni og tónleikum. Í ár fengum við fleiri leiksýningar til okkar sem var sniðugt í ljósi smitvarna vegna COVID.

Hjallastefnuskólar starfa eftir ákveðnum matarstöðlum og allur matur er unnin frá grunni, lífrænn og heilnæmur. Það er fiskur tvisvar í viku, kjöt einu sinni í viku, ávextir á hverjum degi, hafragrautur og heimager múslí með jógúrt í morgunmat og heimabakað súrdeigsbrauð með áleggi í nónhressingunni. Komið er til móts við allar óskir fjölskyldna, hvort sem það tengist lífstíl eða ofnæmi. Alltaf er boðið upp á vegan- og grænmetisfæði.

Foreldraráð er starfandi við skólann og er hluti af stjórnkerfi leikskólans. Á hverju hausti er kosið í nýtt foreldraráð, kosið er á opnum foreldrafundi. Foreldraráð fundar að minnsta kosti tvisvar á starfsárinu og gefur umsögn um starfsáætlun, skóladagatal og skólanámskrá leikskólans.

Foreldrafélag er einnig starfandi í tengslum við skólann. Í Foreldrafélaginu sitja fjórir foreldrar, fulltrúi frá hverjum kjarna. Foreldrafélagið stendur fyrir margvíslegum upptakum sem gleðja börnin yfir skólaárið og einnig hefur félagið boðið upp á fræðslufundi fyrir fjölskyldur Laufásborgar einu sinni til tvisvar yfir skólaárið. Foreldrafélagið hefur einnig gefið leikskólanum ýmsar gjafir eins og myndavélar sem nýttust skólanum vel og tré í garðinn okkar. Í vetur voru tvö fræðsluvöld á ZOOM í samvinnu við okkar frábæra foreldrafélag. Annars vegar voru Matthildur og Jensa með Örnámskeið / foreldraspjall sem er orðin fastur liður. Kristín Mariella bauð okkur upp á fræðsluvöld en hún er móðir hjá okkur og með Virðing í uppeldi námskeið um allan heim. Þetta lukkaðist ótrúlega vel og gaman að prófa þetta og næsta vetur verður stefnt að því að hluti af Örnámskeiðunum / öðrum fræðsluvöldum verði líka streymt.

Fjölskylduviðtöl fara fram í byrjun nóvember og í mars ár hvert. Fjölskylduviðtölin í nóvember fara fram á laugardögum og hefur það gefist vel. Þessir dagar hafa verið sérstaklega hátíðlegir fyrir okkur, við höfum boðið foreldrum upp á sögusýningu og vöflukaffi. Það sem okkur hefur fundist svo frábært við að hafa fjölskylduviðtöl á laugardögum er að þá fær öll fjölskyldan, með eða án barna tækifæri til að mæta í rólegheitum og spjalla við hópstýru/hópstjóra barnsins. Í tengslum við þessi foreldraviðtöl fylla kennarar út gátlista yfir þroskastöðu barna, félagslega stöðu þeirra og gengi í leikskólanum sem síðan er kynntur fyrir fjölskyldunni í viðtölunum. Foreldraviðtölin á vorönn eru valfrjáls.

Í lok hvers skólaárs er hvert og eitt barn kvatt með velfarnaðarskjali. Á skjalinu er mynd af hópi barnsins, þakkað er fyrir allar skemmtilegu samverustundirnar, barninu er hrósað og það minnt á mikilvægi vináttunnar (sjá fylgiskjal K).

7. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Allar dagsetningar eru komnar inn á skóladagatalið okkar, svo sem örnámskeið fyrir foreldra, fræðslukvöld á vegum Foreldrafélagsins, leikrit á aðventunni fyrir börnin, Barnamenningarhátíðin og ýmislegt fleira (sjá fylgiskjali L). Örnámskeiðunum okkar hefur verið fjölgað en við viljum styðja vel við fjölskyldur á Laufásborgar. Einnig hefur foreldrafélagið okkar staðið fyrir frábærum fræðslukvöldum og foreldrar okkar deilt þekkingu sinni með okkur.

Endurmenntun kennara verður ákveðin á starfsdegi 16. ágúst 2021. Lögð verður sérstök áhersla á að fagna 70 ára afmæli Hamingjuhallarinnar okkar á næsta skólaári.

8. Fylgiskjöl

- A) Gleði er fagmennska
- B) Fjölskyldukönnun, hrósín
- C) Sýnishorn af hópatalningarblaði
- D) Valtalning
- E) Á valsvæðum
- F) <https://issuu.com/leikskolinnlaufasborg/docs/hamingjuhollin>
- G) Umfjöllun um rannsókn Dr. Valdísar Ingibjargar Jónsdóttur, <https://www.hjalli.is/rannsoknir/>, undir “Hljóðmengun og raddheilsa”.
- H) Umbótaætlun Laufásborgar, byggt á niðurstöðum úr fjölskyldukönnun
- I) Að velja einfaldleikann - hugvekja á aðventu
- J) Hlaðvarpsþáttur Hjallastefnunnar, “Hjallastefnan heima” - Tíundi þáttur. Jólin: Að velja einfaldleikann. Þættirnir eru aðgengilegir á Spotify. <https://www.hjalli.is/news/nyir-hladvarpsthettir-hjallastefnan-heima/>
- K) Velfarnaðarskjal
- L) Skóladagatal

Gleði er fagmennska

- ♥ „Gleði er fagmennska“ er hugtak sem við notum en hvað felst í því?
- ♥ Glöð manneskja mætir aðstæðum með jákvæðari og lausnamiðaðri hætti.
- ♥ Þegar við tökum ábyrgð á okkur sjálfum, eignarhald á eigin líðan og æfum okkur alla daga þá skapast alltaf meiri og meiri gleði sem er öryggi. Örugg manneskja er sterk manneskja.
- ♥ Gleði er stilling, þú æfir þig og verður þar af leiðandi flink/ur í að finna gleðina þína. Þá getur þú notað hana sem leið þegar á reynir.
- ♥ Það skapar öryggi sem er lykilatriði fyrir ung börn en það túlka þau sem ást.
öryggi = ást.
- ♥ Börn þurfa á okkur að halda, við erum að liðsinna þeim og að það hafa manneskju í sínu lífi sem er glöð þýðir að hún hefur sjálfstjórn og sjálfstraust og er því alltaf að fara að geta brugðist við af hjálpsemi og af ábyrgð við barninu.
- ♥ Það er styrkur sem verður til og ávinningur barnsins er að það er gripið, því er lyft og það lærir að vera glatt og líða vel.

Október 2020

Hrós í foreldrakönnun

Við foreldrarnir erum mjög ánægð með Laufásborg og nýtum hvert tækifæri til að tjá ánægju okkar með leikskólann við vini og vandamenn. Til að nefna nokkra hluti sem veita okkur gleði má nefna starfsfólkið og gott viðmót þess. Hlýjan og jákvæðnin eru einkennandi og gott að koma í Hamingjuhöllina. Það er einstaklega skemmtilegt að heyra börnin sín syngja öll fjölbreyttu lögin sem þau læra á leikskólanum og þess fá fleiri ættingjar að njóta. Einnig er mjög gaman að að sjá póstana frá starfsfólki í hópnum Fjölskyldur á Laufásborg, bæði með söng og öllu öðru sem sýnir frá lífinu á leikskólanum. Þá verður að hrósa fyrir allar ljósmyndirnar á Karellen, það er aldrei hægt að fá of mikið af þeim. Lokahrósið að sinni fær skákkennslan.

Takk fyrir að færa okkur gleði, haldið áfram að vera frábær.

Þið starfsfólkið og stjórnendur eruð bara einstök og dásamleg, það eruð þið sem haldið Laufásborgarhjartanu gangandi og við hin fylgjum taktinum, bæði foreldrar og börn.

Gleði og gott hjartalag er ekki sjálfgefið. Vel gert kæru vinir!

Við erum svo glöð og þakklát að hvað þið eruð fáránlega góð í því sem þið gerið. Fæ alltaf jákvætt viðmót frá öllu ykkar fólki (bæði drengja- og stúlnamegin) hvort sem það eruð börnin eða við foreldrarnir. Mér hefur fundist eldra barnið mitt tekið svo flottum framförum, hún er hugrakkari & sjálfsöruggari barn sem ég tel vera ykkur að þakka. Drengurinn minn sem er yngri og er bara búinn að vera stutt elskar að mæta í leikskólann sinn og má oft ekkert vera að því að kveðja okkur foreldrana. Takk fyrir allt - þið eruð ómetanleg.

Andrúmsloftið í skólanum er rólegt, jarðbundið og friðsælt. Það er alltaf góð tilfinning að koma í skólann og ég veit að stráknum mínum finnst það líka. Takk fyrir frábært starf!

Þið eruð hetjur að takast á við covid af skynsemi, fagmennsku og jákvæðni. Hrósa upplýsingaflæðinu líka hvað það varðar. Þakka ykkur öllum fyrir <3

Mér finnst starfsfólkið á laufásborg vera algjörir snillingar. Alltaf svo glöð og kurteis. Aldrei hef ég lent í öðru en að talað sé að virðingu við mig og barnið. Takk fyrir að gera það sem þið gerið með bros á vör.

Þið eruð hetjur <3 Takk fyrir gott starf

Þið eruð stórkostleg, við erum innilega þakklát fyrir ykkur.

Allt frábært. Gæti ekki verið ánægðari með Laufásborg og það starf sem er þar unnið.

Vínátta, fjölbreytt verkefni og söngur af bestu gerð.

Gætum ekki verið ánægðari og erum þakklát fyrir ykkur og allt sem þið gerið. Allt til fyrirmyndar! Stefnan, skólinn, stjórnendur, einvalalið starfsfólks, garðurinn, hópakerfið... listinn er endalaus! Laufásborg er hamingjuhöllin okkar!

Jákvæðni, hlý og góð stemning og allir starfsmenn eru að tileinka sér það sem þeir

predika. Góðar fyrirmyndir!

Þið eruð nú bara frábær! Viðmót allra kennara til barna og foreldra þeirra er eitt-hvað sem þjóðin í heild mætti tileinka sér <3

Þið eruð fagfólk af bestu gerð <3

Mjög margt satt að segja. Jákvæðni, uppbyggilegt andrúmsloft og góð samskipti við foreldra. Kunnum vel að meta alúðina og áhugan á velferð barnsins. Hjallastefnu aðferðin ef svo má segja er greinilega lifandi hjá starfsfólkinu í smáu sem stóru. Haldið ótrauð og glöð áfram.

Allt starfsfólk æðislegt og hvernig unnið er með börnunum. Elska allt við Laufásborg.

Langar að hrósa öllum á yngri stúlknakjarna, Sérstaklega Nönnu dóttir mín er ekki undir hennar kjarna en hún tengir rosalega mikið við hana og er alltaf spennt að sjá hana

Já þið eruð svo nett

Söngur, agi, samskipti, hrós og matur. Skýr skilaboð og sveigjanleiki. Maturinn er frábær og söngurinn.

Ég hef nú ekki samanburð en vil bara hrósa ykkur fyrir allt sem þið gerið. Allt sem er gert, er gert vel.

Þið eruð til fyrirmyndar! Ari & tónlistin á stórt hrós skilið, svo gaman að barnið fái að kynnast tónlist á þann hátt sem hann leggur inn, þar sem við foreldrarnir höfum ekki þekkingu til að veita slíka innlögn.

Það að hafa komið barninu mínu á Laufásborg er einn mesti lottóvinningur sem ég fengið um ævina

Covid hefur sannarlega lagt þrautir fyrir ykkur eins og okkur öll og þið hafið staðið ykkur frábærlega. Dóttir mín hefur kennt mér að þvo mér almennilega um hendurnar og að gera góðar æfingar til að koma blóðinu

á hreyfingu! Þetta (eins og svo margt gott) hefur hún lært hjá ykkur. Svo finnst mér áherslan á tónlist og allur söngurinn algjörlega til fyrirmyndar! Takk aftur!

Þið eruð frábær!

Allt skipulag er til fyrirmyndar. Andinn er einstakur og hlýr og ég upplifi mikið öryggi að hafa barnið mitt á Laufásborg.

Allt upp á 10. Fallegir kennarar, gullhjörtu. Fallegt, eflandi starf. Glöð og vinnusöm börn.

Algjörlega frábær leikskóli og til mikillar fyrirmyndar í einu og öllu <3

hlýjan og ástin og jákvæðnin er allt um kring! takk

Kennararnir standa sig svo vel í að taka á móti börnunum alla morgna með bros á vör. Þrátt fyrir alls konar ástand í samfélaginu er ekkert nema gleði og áhyggjuleysi í Hamingjuhöllinni. Fyrir það erum við svo þakklát <3 þá er ekkert nema gleði og gott viðmót í Hamingjuhöllinni. Fyrir það erum svo ævinlega þakklát <3

Eruð svo frábær, takk fyrir ykkur og að standa vaktina á covid tímum, ómetanlegt! Þið látið ykkur öll börn varða, vekur svo mikið traust. Sveigjanleg eftir aðstæðum eða ástandi

barnsins. Ávalt hjartahlý og glöð, alltaf gott að koma og sækja.

Jákvæðni ykkar er aðdáunarverð og kærleikurinn sem börnin mæta er ómetanlegur.

Barnananna minna lukka er að vera nemandi í Hamingjuhöllinni.

ALLT <3

Allt! Þið eruð stórkostleg og við erum svo þakklát fyrir ykkur, allt frábæra starfsfólk Laufásborgar. Barninu okkar líður svo vel hjá ykkur og við erum afar þakklát fyrir góð og jákvæð samskipti á öllum miðlum.

Jákvæðnin og virðingin skín í gegn í starfinu :)

Við erum bæði með dreng á eldri og yngri drengjakjarna og svörin eiga við báða kjarna. Þið eruð frábær og standið ykkur öll svo vel - engar athugasemdir bara áfram gakk í þessu frábæra starfi sem þið sinnið öll af hlýju og metnaði.

Allt! :)

Lífsglaðari hóp af fólki hef ég ekki hitt og er það alveg magnað að fá agnarögn af því á morgnana þessa jákvæðni beint í æð. Þið eruð algjört gull af fólki og finn ég það svo vel á mínu barni hvað því líður vel. Vildi að þið gætuð kennt fleiri vinnustöðum ykkar frábæru speki.

Hvernig tekið er á móti börnum er svo yndislegt! Fyrirmyndirnar sem voru í gangi í vor voru líka æðislegar. Svo í rauninni bara allt. Dóttir minni hefur liðið svo vel frá fyrsta degi. Er strax orðin stressuð fyrir því að þurfa að hætta þegar kemur að skóla.

Við erum alveg svakalega ánægð með skóla-starfið, það er vel tekið á hverju sem kemur upp og það er alltaf ánægjulegt að koma þangað sem foreldri. Geggjað töts að hafa sprittbrúsann á hliðinu!

Mér líður alltaf vel í hjartanu þegar ég kem inn á Laufásborg.

Röð, regla og rútína er að passa svo vel fyrir strákinn okkar! Þá er Ólöf kennarinn hans

alveg frábær í að segja okkur frá því sem hann er að gera á daginn og er í góðum samskiptum við okkur almennt - það er algjörlega til fyrirmyndar!

Viðmót ykkar er einstaklega jákvætt og framkoma ykkar við börnin virðingarrík og falleg. Jákvæðnin smitast yfir allt og lífsgleðin líka. Þið eruð ótrúlega flottar, samheldnar, jákvæðar og kærleiksríkar hetjur.

Þið starfið í kærleika og með það að leiðarljósi að gera það besta fyrir börnin. Það er ómetanlegt. Takk fyrir góða starfið ykkar alla daga.

Öll samskipti til fyrirmyndar. Jákvæðnin smitar út frá sér og gefur öllum sem koma á Laufásborg mikið. Takk fyrir ykkur!

Mjög lausnamiðuð

Það er svo dýrmætt að sjá jákvæð áhrif af starfi ykkar og sem foreldri er það einn besti tími dagsins að koma bæði á morgnana og í lok dags. Gleðin og virðingin er smitandi og vert að spá hvort við foreldrar fáum ekki bara pláss líka?

Ég er rosalega ánægð með Laufásborg og virkilega þakklát að geta haft barnið mitt hjá ykkur, í öruggum höndum, og að hann fái að læra svo margt fallett og gagnlegt. Takk <3

Hljýjan er alltaf í fyrirrúmi og mér finnst það bara vera fyrir öllu

Drengurinn er svo glaður, hlakkar til að fara í leikskólann, saknar vana og er glaður þegar hann er sóttur. Það er gaman að sjá hvað starfið hefur góð áhrif á hann enda hefur hann blómstrað undanfarna mánuði. Við erum líka mjög þakklát fyrir hversu vel hefur verið haldið á spilunum í þessu COVID-ástandi. Það væri ekki gott fyrir neinn ef hann þyrfti að vera heima með vinnandi foreldrum á daginn.

Mér finnst þið gera vel í að miðla ráðum til foreldra. Það er svo mikilvægt að fá að vera samstíga með leikskólanum og þannig byggja upp sterka einstaklinga. Takk

Samskipti við börn og foreldra. Talsmátinn og samskiptareglur sem börnin læra er til fyrirmyndar. Mér finnst valfundir á ensku líka

frábær viðbót við kennsluna. Mér finnst frábært að börnin eru ekki vanmetin þegar verið er að kenna þeim lög og flókna texta. Við erum bara öll á heimilinu alveg rosalega ánægð og barnið sjálft vaknar spennt alla morgna að fara í leikskólann og kemur alltaf kát heim sem mér finnst vera það sem skiptir mestu máli.

Þið brennið öll af metnaði fyrir börnunum, það skín í gegn og er dásamlegt

Laufásborg er leikskóli á heimsmaelikvarða. Mér finnst það merki um styrk skólans að ég efaðist aldrei um það þegar Covid kom upp að Laufásborg myndi finna lausnir til að láta allt ganga sem best. Þið eruð einmitt svo góð í því að leysa málin :)

Frábær eða frábær!! Takk fyrir ykkar ómetanlega starf alla daga :)

Úff, hvar á ég að byrja? Kærleiksgjörningarnir sem þið hafið deilt á facebook eru td. mjög fallegir. Þeir eru lýsandi fyrir það hvernig þið bregðist við öllum áskorunum á kærleiksríkan og skapandi hátt. Okkur þykir vænt um ykkur og við finnum fyrir gagnkvæmum kærleika. Takk!

Mér finnst viðmótið til okkar, barnanna og ykkar sjálfra til fyrirmyndar. Hvernig skólinn er í sífeldri endurskoðun finnst mér vera ástæða þess að maður finnur aldrei fyrir leiða eða þreytu í starfinu

Metnaðarfullt og fallett starf í alla staði, að dáunarvert og börnunum líður vel, njóta sín og upplifa ævintýri og væntumþykju alla daga. Eflast og styrkjast sem einstaklingar, félagslega, menningarlega og námslega.

Hópatalningablað

Uppeldissvið og áherslur í hópastarfi

Sept

okt

nov

Mánuður

Mánuður

Mánuður

1

Uppbótarvinna ♀ ; Stúlkur þurfa meiri einstaklingsþjálfun; sjálfstæði, sjálfsvitund og sjálfstraust, jákvæðni og hreinskiptni, kjarkur og frumkvæði.

2

Uppbótarvinna ♂ ; Drengir þurfa meiri félagsþjálfun; agi, hegðun og framkoma, viðhorf og samskipti, nálægð og vinátta.

3

Leikurinn; Leikrit, hlutverkaleikur, vinkonu og vinastöðvar, Út um víðan völl í ferðum. Leikir úti og inni.

4

Umönnun og daglegar venjur; Máltíðir, hreinlæti, svefn, hvíld og slökun, klæðnarþjálfun, sjálfshjálp, líkamsvitund, snerti og nálægðarvinna.

5

Hreyfing; stökkæfingar, þrautabraut, og stöðva-brautir, gönguferð, hlaup. Hópleikir, aga- og fyrirmælaæfingar, dans, kraft og kjarkæfingar.

6

Náttúran; endurvinnsla, matjurtaræktun, garðvinna, umhirða útisvæðis, náttúruskoðun, fjöruferð, klettaklifur.

7

Samfélagið; Matargerð, bakstur, alvöruverkefni; gera við, þrifa. Ferðalag, vettvangsheimsóknir, söfn

8

Mál og málörvun. Framsögn, segja sögu, hlusta á sögu sagða, vinkonu og vinaspjall, gera bækur, þulur, vísur, ríma.

9

Tónlist og hljóð; söngur, syngja á sólinni, hljóð-færanotkun, taktæfing, hlustun, spinna, óma og kyrja, öskra upp í vindinn, búa til hljóðfæri.

10

Myndsköpun og myndmál; þekjumála, vatnslita, fingramála, leirmassi, sápumassi, pappamassi, klippa, líma, gerta nytjahluti, s.s. spil og leir, textílverkefni.

11

Blöndun

12

Útivera í hópastarfi

13

Innivera í hópastarfi

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||

|||||
|||||




Ari

Súlurit

Veldu mánuð til að fá upplýsingar um val nemanda


2021 ▾

Mái ▾



Línurit

Sýnir hvað nemandi valdi hvern mánuð skólagöngu sinnar.



Hægt er að klikka á valsvæðin sem þú vilt sýna eða fela

Á valsævæðum ...

- ♥ Eru börn að leik á sínu svæði
- ♥ Ríkir einbeiting, ró og friðsemd
- ♥ Er í boði að nota inniröddina
- ♥ Er í boði að tala við vini sína/vinkonur á sama svæði
- ♥ Er í boði að æfa sig að hjálpa vini sínum/vinkonu sinni
- ♥ Er í boði að æfa sig að biðja vin/vinkonu um aðstoð
- ♥ Er í boði að æfa sig að vera ein/einn á svæði
- ♥ Er í boði að koma börnum í leik sem þurfa aðstoð
(„Gaman hjá þér með þér!”)
- ♥ Er í boði að vera á sínu svæði
- ♥ Er í boði að standa með sínu vali
- ♥ Er í boði að gera gott úr hlutunum, skiptast á! Bjarga málunum, „Hvað getur þú gert í málunum”/ „Ég skal gefa þér gott ráð” (ef barn er í vandræðum/ráðalaust)
- ♥ Er í boði að ávarpa vin sinn „kæri vinur” og vinkonu „kæra vinkona”

Hlutverk kennara

Á valtíma er í boði að fylgjast vel með, taka eftir því sem er að gerast, aðstoða stúlkur í hreinskiptni og að drengir noti inniröddina og orðin sín. Það er í boði að sjá það sem vel gengur hjá börnunum og styðja við þau sem þurfa aðstoð.

Valsvæðin eru tilbúin fyrir börnin þegar þau koma af valfundum.

- ✓ Til að mæta þeim mikilvæga þætti í okkar starfi að **foreldrar hitti sína hópstýru eða sinn hópstjóra á hverjum degi** höfum við brugðið á það ráð að breyta vöktunum hjá okkur og verður millivaktin lögð niður sem var frá 8:30 - 15:30. Með þessum breytingum ættu foreldrar að ná tali af sinni hópstýru/sínum hópstjóra að minnsta kosti einu sinni á dag.
- ✓ **Skólafötin okkar** eru í stöðugri þróun og höfum við hafið samstarf við Lindex varðandi skólábuxurnar og hafa nýjar og endingargóðar skólábuxur bæst í safnið. Það er okkar mat að á síðasta skólaári hafa verið tekin góð framfaraskref og búið að bæta þjónustu vefverslunarinnar verulega.
- ✓ **Opnunartími skólans** er frá klukkan 8:00 - 16:15. Þessi opnunartími hefur verið í þróun í fjöldamörg ár. Forsaga þess að stytta opnunartíma skólans er sú að horft var til þeirra gæða sem opnunartíminn skilaði inn í barnastarfið. Opnunartímanum var breytt jafnt og þétt og í góðri samvinnu við foreldra. Það er okkar reynsla að þessum opnunartíma fylgi veruleg gæði, bæði fyrir starfsfólk og börn, sem skilar sér beint inn í skólastarfið.
- ✓ **Varðandi ferðir og að láta foreldra vita af þeim fyrirfram** að þá höfum við æft það viðhorf að **allir hópátímar eru mikilvægir**. Iðkun okkar á hverjum degi í uppbótarvinnu og blöndun er það sem allt okkar starf byggir á. Ferðir eru stór hluti af barnastarfi elstu barnanna og ferðir eru tíðar. Hópátímar eru allskonar og ferðir hluti af þeim. Ef um er að ræða ferð sem kallar á undirbúning frá heimili er að sjálfsögðu látið vita og einnig ef ferð er farin snemma dags. Margar hugmyndir koma upp nánast samdægurs og er þá bara lagt af stað og stundum ílengist hópur í ferð en hópstýrur/hópstjórar eru alltaf með síma á sér og því vel hægt að ná í þau og vita hvar hópurinn er.
- ✓ **Varðandi matseðilinn – Vegan valkostur**. Við höfum talað við Tristan vin okkar, kokkinn sem eldar allan okkar heilnæma og góða mat, og er stefnan sett á að fá matseðilinn á föstudegi þannig að hann sé kominn inn á mánudagsmorgni.
- ✓ Því miður hefur **Karellen verið meira og minna bilað** á þessu skólaári. Næsta haust þegar við opnum skólann aftur eftir sumarfrí tökum við stöðuna varðandi Karellen. Hjallastefnan er á þeim stað að gefa heimasíðunni og appinu eitt tækifæri enn eða leita annað. Ljósmyndirnar okkar fara enn inn á heimasíðuna. Fyrir okkur eru gæðin þau að annað hvort erum við öll sem hér störfum að nota appið og deila til foreldra eða ekkert okkar. Sum okkar hafa bjargað málunum á annan hátt, sérstaklega þau sem eru í starfi með yngstu börnin og með börn í aðlögun, og fundið leiðir til að deila myndum í rauntíma.
- ✓ Við viljum að **móttakan** sé alltaf framúrskarandi. Við heilsum hverju barni glaðlega með nafni og bjóðum barnið velkomið með fallegum orðum. Það er okkar markmið og einlægur vilji að þannig sé alltaf tekið á móti hverju barni, sama hvenær barnið mætir í skólann.
- ✓ Við höfum valið þá leið varðandi að veita foreldrum upplýsingar **um svefn og mat á yngri kjörnum** að foreldrar eru látnir vita ef frávik verða hjá barni varðandi mat og svefn. Við lítum svo á að alla daga tökum við ábyrgð á því að vel gangi að sofa og borða og við látum vita ef eitthvað fer á annan veg. Þetta hefur gengið vel fram að þessu og foreldrar treysta að frávik berist til þeirra í lok dags.
- ✓ **Útisvæði á val tíma í lok dags**. Kæru foreldrar TAKK FYRIR AÐ LÁTA OKKUR ALLTAF VITA ÞEGAR ÞIÐ KOMIÐ OG SÆKIÐ YKKAR BARN/BÖRN. Við erum vel meðvituð um hversu vandmeðfarið það er að bjóða upp á útisvæði í lok dags og því erum við ávallt á verði. Á útisvæðinu erum við

að fylgjast með og gætum þess að börnin séu glöð í leik eins og ávallt á val tíma. Okkar reynsla er að það eru mikil gæði fyrir börnin að geta valið útsvæðið í lok dags.

- ✓ **Varðandi upplýsingagjöf frá hópstýru/hópstjóra til foreldra** að þá fer okkar upplýsingagjöf helst fram á hópabliðunum. Hópabliðin eru fyllt út í lok hvers dags og á þeim eru allar upplýsingar varðandi hvað hópurinn var að gera og er að æfa og nú ættu allir foreldrar að geta náð tali af sinni hópstýru og sínum hópstjóra við upphaf eða lok dags. Við höfum í gegnum árin prófað margar leiðir, eins og að senda tölvupóst, en við höfum fengið þá ábendingu í foreldrakönnunni að það gæti verið góð hugmynd að hópstýra/hópstjóri myndu senda póst í lok hverrar viku en tímarnir breytast og við líka. Aðalatriðið er að finna leið að hverju foreldri og að þið kæru foreldrar séuð sátt með upplýsingastreymið. Það er alltaf í boði að tala við okkur, hringja, senda póst eða fá viðtal. Til að það komi fram að þá hafa persónuverndarlögin einnig haft áhrif á hverju við megum deila með ykkur.
- ✓ Öll viljum við tilheyra samfélagi þar sem við höfum sama rétt og þannig byggjum við upp lýðræðislegt samfélag. Lýðræðisleg þátttaka til að velja er órjúfanlegur hluti af því. Á Laufásborg æfum við lýðræðislega þátttöku á valfundunum en við æfum ekki að það sé í boði að hafna vin eða vinkonu. Við veljum að vera kærleiksrík við vinkonur og vini og fögnum hvert öðru í kærleika. Við æfum að við erum **ÖLL VINKONUR OG VINIR því við tilheyrum samfélagi sem byggir á VINÁTTU, KÆRLEIKA OG ÞVÍ AÐ FAGNA FJÖLBREYTILEIKANUM**. Okkar reynsla er að í hópastarfi, í blöndun og á kjarna myndast mikil væntumþykja og því eru faðmlög og önnur vinkonu- og vinahót að spretta frá allt öðrum stað en skyldu. Þegar við fögnum vinkonum og vinum sýnum við umburðarlyndi í verki því þegar við fögnum öllum lærum við að meta og fagna fjölbreytileikanum. Uppbótarvinnan okkar og fallegu faðmlögin eru æfingar sem styrkja börn og okkar mat er að á þeim tímum sem við lifum nú hefur sjaldan verið jafn mikil þörf fyrir þessar nándaræfingar okkar. Barnið upplifir á eigin skinni að ef það brosir til annarra og tekur hlýlega á móti öðrum er tekið hlýlega á móti því. Til að eignast góða vinkonu eða góðan vin verður þú að vera góð vinkona/góður vinur, ókunnugir eru vinkonur/vinir sem við eigum eftir að kynnast. Í ljósi athugasemda um „knússkyldu“ á Laufásborg vildum við deila þessari sýn okkar með ykkur. Okkar starf er fyrst og fremst mannbætandi og hér er því ekki „knússkylda“ . Það eru töfrar sem eiga sér stað í samfélagi þar sem faðmlag er gefið með lýsinu á morgnana. Og það er bara í boði fyrir okkur fullorðna fólkið að vera börnunum kærleiksrík fyrirmynd.

Að velja einfaldleikann

Kæru vinkonur og vinir.

Senn gengur aðventan í garð með öllum sínum hefðum. Því fylgir oft álag og þá sérstaklega fyrir barnafjölskyldur. Okkur í Hjallastefnunni langar að deila með ykkur hugleiðingum okkar á þessum annasömu tímum.

Öll vitum við að hin sönnu verðmæti í lífinu eru andlegs eðlis og að börnin eru það dýrmætasta sem við eigum. Hjallastefnan sem uppeldis- og menntastefna lítur á það sem samfélagslega ábyrgð sína að skapa góða skóla fyrir börn, skóla sem auðga samfélagið og styðja þar með við fjölskyldur. Enginn er eyland og það þarf heilt þorp til að ala upp barn. Góð samskipti, innihaldsríkar samverur, einlægni og kærleikur er það sem gefur lífinu gildi.

Eitt af okkar meginstefum í Hjallastefnunni er það viðhorf að við höfum alltaf val í lífinu. Í gegnum iðkun og með kærleiksríkum aga kennum við börnunum okkar, oft á dag, að þau hafi val um hegðun, viðbrögð, viðhorf, leik og að vera góð vinkona og góður vinur. Við kennum börnum að sjá það jákvæða í aðstæðum og gera gott úr málunum. Við kennum þeim að velja hegðun sem styður við þau og við kennum þeim að standa með sínu vali. Ramminn er einfaldur og skýr. Það er magnað að sjá fjögurra ára barn á valfundi. Í upphafi valfundar er hægt að velja um sjö svæði en þegar kemur að barninu að velja eru kannski bara tvö svæði í boði, barnið gerir gott úr því og velur sér svæði með bros á vör. Barnið horfir á það sem það hefur val um en ekki valsvæðin sem því langaði meira til að velja og eru fokin.

Í grunninn höfum við alltaf val í lífinu, í öllum aðstæðum. Við getum valið að sjá það sem er í boði fyrir okkur og valið að þakka fyrir það, við getum valið viðhorf og viðbrögð ef við höfum ekki stjórn á öðru en því. Til að taka okkur þetta val þurfum við að stíga inn í augnablikið, vera kjarkmikil og fara af sjálfstýringunni. Þannig valdeflum við okkur. Við þurfum að spyrja okkur áleitinna spurninga og þora að taka afstöðu og standa með okkar vali.

Aðventan býður upp á mörg frábær tækifæri til að æfa okkur í að velja og skapa þar með tilveru fyrir börnin okkar. Tökum sem dæmi jóladagatöl, allt er í þróun og dagatölin hafa breyst með tíð og tíma. Síðustu ár hafa svokölluð samveru- og fjölskyldu-dagatöl verið vinsæl. Áður en við bætum einhverju inn í líf okkar getum við staldrað við og tekið afstöðu sem þjónar okkur. Er innihald dagatalsins að bæta líf okkar og að skapa gleði innan fjölskyldunnar? Eða er það enn ein viðbótin um að standa sig? Það má hugsa út fyrir kassann og sleppa dagatali ef það þjónar þér og þínum betur. Hér skilar heiðarleikinn okkur bestu niðurstöðunni. Það má skipta um skoðun og það má fá nýja hugmynd og velja að láta ekki trufla sig hvað aðrir eru að gera. Foreldri sem velur að standa með sér og að vera sáttt við sitt framlag í lífinu er að gefa börnunum sínum dýrmæta gjöf. Að velja að vera sáttt/ur fæðir af sér skýra hugsun og hugarró.

Góðar hugvekjur eiga alltaf við. Lífið streymir til okkar og er allskonar – það er víst. Það sem við getum unnið með og haft stjórn á eru viðhorf okkar og viðbrögð í aðstæðum. Meginregla 1 innan Hjallastefnunnar er að mæta hverju barni eins og það er, þar sem það er statt og virða þarfir þess. Þegar við verðum fullorðin getum við valið að vera sú manneskja fyrir okkur sjálf. Við mætum okkur þar sem við erum stödd og spyrjum okkur hvað við þurfum til að vera sáttt og taka ábyrgð á okkar líðan. Þarf ég hvíld? Þarf ég aðstoð? Langar mig til að dansa og syngja með barninu mínu/börnunum mínum og skapa gleðistund? Hvaða hefðir úr minni æsku vil ég halda í og gefa áfram? Hverju vil ég breyta? Í Hjallastefnunni göngum við alltaf út frá því að einfaldleikinn vinni með okkur. Okkar reynsla er að í einfaldleikanum eru tækifærin, við erum oft að flækja málin að óþörfu. Höfum engu að síður í huga að minn einfaldleiki er ekki endilega sá sami og þinn. Skiljum hismið frá kjarnanum, það opnar á að VERA og að sjá hvort annað hér og nú.

Til að þér gangi vel þá velur þú þína leið. Það sem skiptir okkur öll mestu máli eru raunveruleg og góð tengsl við aðra og að líða vel í eigin skinni. Börn skynja tilfinningar okkar, ef við erum sáttt við okkur sjálf og okkar framlag þá eru börnin það líka og í rauninni alsæl. Munum að einfaldleikinn vinnur með okkur.



♥♥ Kæri vinur Baldur Guðþór ♥♥

Takk fyrir allar yndislegu samverustundirnar kæri vinur!
Þú ert svo skemmtilegur og það er alltaf gaman að vera með þér!
Þú ert búinn að læra margt þetta skólaár, búinn að æfa þig að vera góður vinur með mjúkar
vínahendur, leika með vinum, hugga og fadma vini.



Litli hópur Z YDK, Skólaárið 2020-2021

♥♥ Þú ert góður vinur ♥♥

Kærleikskveðja,
frá öllum vinkonum þínum og vinum á Laufásborg

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 S	1 M	1 F	1 M	1 M	1 L Nýársdagur	1 Þ	1 Þ	1 F	1 S Verkalýðsdagurinn	1 M	1 F
2 M Frídagur verslunarmanna	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S Jákvæðnihlota	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 L
3 Þ	3 F	3 S Sjálfstæðisloti	3 M	3 F	3 M Lotulykill: Ákveðni	3 F	3 F	3 S	3 Þ HM í skák í Grikklandi	3 F	3 S
4 M	4 L	4 M Lotulykill: Sjálfstyrking	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 F	4 M Lotulykill: Virkni	4 M	4 L	4 M
5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 L Foreldrasamtöl	5 L Foreldrasamtöl	5 Þ	5 F	5 S Hvítasunnudagur	5 Þ
6 F	6 M Lotulykill: Hegðun	6 M	6 L Foreldrasamtöl	6 M	6 F	6 S Vinátulota	6 S	6 M	6 F	6 M Annar í Hvítasunnu	6 M
7 L	7 Þ Kynningarfundur	7 F	7 S Samskiptalota	7 Þ	7 F	7 M Lotulykill: Félagskapur	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F
8 S	8 M Fundur fyrir foreldra 5 ára barna	8 F	8 M Lotulykill: Umburðarlýndi	8 M	8 L	8 Þ	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 F
9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 L
10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F	10 M Lotulykill: Hreinskiptni	10 F	10 F	10 S Pálmasunnudagur	10 Þ	10 F	10 S
11 M	11 L	11 M Lotulykill: Sjálfstraust	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 F	11 M Dymbilvika	11 M	11 L	11 M
12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 L	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ
13 F	13 M Lotulykill: Kurteisi	13 M Örnámskeið	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S Árvæðnihlota	13 M	13 F	13 M	13 M
14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 M Lotulykill: umhyggja	14 M Lotulykill: Kjarkur	14 F Skindagur	14 L	14 Þ	14 F
15 S	15 M	15 F Lokað. Hauststefna Hjallast	15 M Lotulykill: Hjálpsæmi	15 M	15 L	15 Þ	15 Þ	15 F Föstudagurinn langi	15 S	15 M Sumarhátíð	15 F
16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 M Öskudagsgleði	16 M	16 L	16 M	16 F	16 L
17 Þ Þýtt og skemmilegt skóladur hefst	17 F	17 S	17 M	17 F	17 M	17 F Lokað	17 F	17 S Páskadagur	17 Þ	17 F Lýðveldisdagurinn	17 S
18 M	18 L	18 M Lotulykill: Öryggi	18 F	18 L	18 Þ Lotulykill: Bjartsýni	18 F Lokað	18 F	18 M Annar í páskum	18 M Örnámskeið	18 L	18 M Sumarfrí til 16.8
19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S	19 M Örnámskeið	19 L	19 L	19 Þ Barnamenningarhátíð	19 F	19 S	19 Þ
20 F	20 M Lotulykill: Framkoma	20 M	20 L	20 M	20 F	20 S Góan byrjar	20 S	20 M	20 F	20 M	20 M
21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ	21 F Þorinn byrjar	21 M Lotulykill: Nálagó	21 M	21 F Sumardagurinn fyrsti	21 L	21 Þ	21 F
22 S	22 M	22 F Lokað	22 M Lotulykill: víðsýni	22 M	22 L	22 Þ	22 Þ Lotulykill: Kraftur	22 F	22 S	22 M	22 F
23 M	23 F	23 L Fyrsti vetrardagur	23 Þ	23 F Þorláksmessa	23 S	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 L
24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F Aftangadagur jóla	24 M Lotulykill: Gleði	24 F	24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S
25 M	25 L	25 M Lotulykill: tjáning / Lokað	25 F	25 L Jólardagur	25 Þ	25 F	25 F	25 M	25 M	25 L	25 M
26 F	26 S	26 Þ Lokað	26 F	26 S Annar í jólum	26 M	26 L	26 L	26 Þ	26 F Uppstigningardagur	26 S	26 Þ
27 F	27 M	27 M	27 L	27 M Jólafri	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F	27 M	27 M
28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ Jólafri	28 F	28 M Lotulykill: Kærleikur Bolludagur	28 M Lotulykill: Virkni	28 F	28 L	28 Þ	28 F
29 S Agalota	29 M	29 F	29 M Lotulykill: Samstaða	29 M Jólafri	29 L		29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F
30 M Lotulykill: Virðing	30 F	30 L	30 Þ	30 F Jólafri	30 S		30 M	30 L	30 M Útskriftarferð að Sólheimum	30 F	30 L
31 Þ		31 S		31 F Gamlársdagur	31 M		31 F		31 Þ		31 S
	2	8	8		8	8		4		8	2

Starfsáætlun Laufásborgar

Ég samþykki hér með heils hugar starfsáætlun Laufásborgar.

Fyrir hönd foreldrafélagsins,

Sigurður Unnar Birgisson